

Reglur um tímabundið húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar

I. kafli

Skilgreiningar, umsóknir og ráðgjöf

1. gr.

Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 46. gr. og eftir atvikum XIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. einnig lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

2. gr.

Skilgreiningar

Með tímabundnu húsnæði er átt við áfangaheimili, sérstakt tímabundið húsnæði og neyðarskýli.

Áfangaheimili er tímabundið leiguhúsnæði sem ætlað er einstaklingum sem lokið hafa vímuefnaeðferð, neyta ekki vímuefna, eru í virkri endurhæfingu og þurfa stuðning við þátttöku í samfélaginu á nýjan leik. Umsækjendur skulu fylgja einstaklingsáætlun, settum húsreglum og þurfa að geta búið í nánú samneyti við aðra íbúa. Um áfangaheimili er fjallað í II. kafla reglna þessara.

Sérstakt tímabundið húsnæði er tímabundið leiguhúsnæði sem ætlað er sérstaklega fyrir skilgreinda hópa og þar sem boðið er upp á sérstakan stuðning. Húsnæðið getur verið sett á fót sem tilraunaverkefni eða tímabundið leiguhúsnæði, t.d. vegna sérstakra aðstæðna sem upp koma í samfélaginu, á meðan leitað er að varanlegri lausn á húsnæðisvanda íbúa. Að jafnaði er ekki um að ræða húsnæði sem alltaf er til staðar. Sérstakt tímabundið húsnæði getur verið skilgreint annað hvort fyrir einstaklinga sem eru með alvarlegan vímuefnavanda og í virkri neyslu og þurfa sérstakan stuðning, t.d með áherslu á skaðaminnkandi og/eða batamiðaða nálgun. Það getur líka verið skilgreint fyrir einstaklinga sem eiga ekki við vímuefnavanda að stríða en þurfa sérstakan stuðning. Markmið og kröfur fyrir búsetu í sérstöku tímabundnu húsnæði skulu útfærðar í kröfulýsingu fyrir húsnæðið. Umsækjendur um sérstakt tímabundið húsnæði þurfa að hafa vilja og getu til að fylgja húsreglum og búa í nánú samneyti við aðra íbúa. Með búsetu í sérstöku tímabundnu húsnæði er unnið að því að undirbúa leigutaka fyrir sjálfstæða búsetu, annað hvort á almennum leigumarkaði eða í félagslegu leiguhúsnæði. Með búsetu getur einnig verið unnið að því að koma íbúa úr tilteknum aðstæðum. Um sérstakt tímabundið húsnæði er fjallað í III. kafla reglna þessara.

Neyðarskýli er húsnæði þar sem veitt er næturskjól fyrir eina nótt í senn. Dvöl í neyðarskýli er ætluð heimilisláusum einstaklingum með miklar og flóknar

Þjónustuparfir sem ekki hafa fengið úthlutað félagslegu leiguhúsnæði. Einstaklingum sem eru í virkri neyslu eða eiga við alvarlegan vímuefnavanda að stríða er heimilt að dveljast í neyðarskýlinu. Dvöl í neyðarskýli er ætíð til skemmri tíma, ekki er gerð krafa um umsókn um dvöl í neyðarskýli og er dvölin notendum að kostnaðarlausu. Um neyðarskýli er fjallað í IV. kafla reglna þessara.

3. gr.

Umsóknir og ráðgjöf

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar annast afgreiðslu umsókna um áfangaheimili og sérstakt tímabundið húsnæði. Umsókn skal leggja fram með rafrænum hætti á vefsíðu Reykjavíkurborgar og undirrita með rafrænum skilríkjum til staðfestingar á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Umsókn getur einnig verið lögð fram á sérstöku eyðublaði hjá miðstöð Reykjavíkurborgar, undirrituðu af umsækjanda eða eftir atvikum lögráðamanni, umboðsmanni eða persónulegum talsmanni hans. Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynleg gögn.

Ekki er nauðsynlegt að skila inn umsókn fyrir dvöl í neyðarskýli en Reykjavíkurborg heldur skrá yfir alla þá sem nýta sér þjónustu neyðarskýlis.

Miðstöðvar Reykjavíkurborgar í því hverfi þar sem viðkomandi á lögheimili veita ráðgjöf og upplýsingar varðandi húsnæðismál.

Einungis er hægt að skila inn umsóknum um sérstakt tímabundið húsnæði á meðan slíkt húsnæði er í rekstri.

Þegar fyrirhugað er að opna áfangaheimili og sérstakt tímabundið húsnæði skulu miðstöðvar Reykjavíkurborgar kanna hvort fyrir liggi upplýsingar í miðstöðinni um einstaklinga sem falla að skilgreiningu fyrir viðkomandi húsnæði og aðstæður viðkomandi séu með þeim hætti að benda skuli viðkomandi á að sækja um húsnæðið.

II. kafli

Áfangaheimili

4. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um áfangaheimili verði samþykkt

Umsækjandi skal uppfylla öll skilyrði 4. gr. til að umsókn verði samþykkt.

- a. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og eiga lögheimili í Reykjavík.
- b. Hafi umsækjandi tímabundið dvalarleyfi er skilyrði að gildistími dvalarleyfisins sé að lágmarki 12 mánuðir.
- c. Umsækjandi hafi lokið viðurkenndri vímuefnaáferð og neyti ekki vímuefna.

- d. Umsækjandi skal stunda endurhæfingu á grundvelli endurhæfingaráætlunar eða einstaklingsáætlunar.
- e. Umsækjandi skal ekki vera eigandi að húsnæði.

Umsókn umsækjanda sem er í vanskilum við Félagsbústaði hf. verður aðeins samþykkt hafi umsækjandi gert full skil á skuldunum eða um þær hafi verið samið. Umsækjanda skal leiðbeint um þau úrræði sem honum standa til boða vegna fjárhagserfiðleika.

Umsækjanda skal tilkynnt skriflega um hvort umsókn hans hafi verið samþykkt.

5. gr.

Fylgigögn með umsókn

Eftirfarandi gögn skulu liggja fyrir við afgreiðslu umsóknar um áfangaheimili:

- a. Staðfesting frá viðurkenndum meðferðaraðila um að umsækjandi hafi lokið viðurkenndri vímuefna meðferð.
- b. Mats- og þarfagreiningarlisti velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem unninn er í samvinnu við umsækjanda.
- c. Afrit af tímabundnu dvalarleyfi í þeim tilvikum sem það á við.

Heimilt er að óska eftir ítarlegri upplýsingum og/eða gögnum frá öðrum aðilum á meðan á umsóknarferlinu stendur með samþykki umsækjanda.

Hafi umsækjandi ekki skilað viðeigandi gögnum til miðstöðvar Reykjavíkurborgar innan 30 daga frá umsóknardegi er umsókn hans synjað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar töf á skilum á gögnum má rekja til annarra aðila en umsækjanda.

Umsækjanda skal tilkynnt skriflega um hvort umsókn hans hafi verið samþykkt.

III. kafli

Sérstakt tímabundið húsnæði

6. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um sérstakt tímabundið húsnæði verði samþykkt

Í þeim tilfellum þegar sérstakt tímabundið húsnæði stendur til boða af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar þarf umsækjandi að uppfylla öll skilyrði 6. gr. til að umsókn hans verði samþykkt.

- a. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og eiga lögheimili í Reykjavík.
- b. Hafi umsækjandi tímabundið dvalarleyfi er skilyrði að gildistími dvalarleyfisins sé að lágmarki 12 mánuðir.

- c. Umsækjandi falli að skilgreiningu þess hóps sem húsnæðið er ætlað fyrir hverju sinni og sé í þörf fyrir þann stuðning sem veittur verður í húsnæðinu. Nánari skilgreiningu á þeim hópi sem húsnæðið er fyrir er að finna í kröfulýsingu fyrir húsnæðið.
- d. Umsækjandi er í húsnæðisvanda og hefur ekki í önnur hús að venda.
- e. Umsækjandi skal ekki vera eigandi að húsnæði.

Umsækjanda skal tilkynnt skriflega um hvort umsókn hans hafi verið samþykkt.

Þegar virkni er nauðsynleg, til að sú þjónusta sem veitt er í sérstöku tímabundnu húsnæði, nýtist viðkomandi (sbr. kröfulýsing húsnæðis), er einnig nauðsynlegt að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Umsækjandi skal stunda virkni sem er útfærð nánar í einstaklingsáætlun.
- b. Umsækjandi hefur vilja og getu til að hefja búsetu með stuðningi með það að markmiði að geta hafið sjálfstæða búsetu, annað hvort á almennum leigumarkaði eða í félagslegu leiguhúsnæði.

7. gr.

Fylgigögn með umsókn um sérstakt tímabundið húsnæði

Eftirfarandi gögn þurfa að liggja fyrir við afgreiðslu umsóknar:

- a. Mat ráðgjafa um að aðstæður umsækjanda falli að skilgreiningu þess hóps sem sérstakt tímabundið húsnæði er útbúið fyrir og umsækjandi sé í brýnni þörf fyrir þann stuðning sem veittur verður í húsnæðinu.
- b. Greinargerð ráðgjafa um félagslegar og heilsufarslegar aðstæður umsækjanda.
- c. Gögn frá heilbrigðisþjónustu og/eða öðrum þjónustuaðilum eftir því sem við á.
- d. Afrit af tímabundnu dvalarleyfi í þeim tilvikum sem það á við.

Heimilt er að óska eftir ítarlegri upplýsingum og/eða gögnum frá öðrum aðilum á meðan á umsóknarferlinu stendur með samþykki umsækjanda.

Hafi umsækjandi ekki skilað viðeigandi gögnum til miðstöðvar Reykjavíkurborgar innan 30 daga frá umsóknardegi er umsókn hans synjað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum ef töf á skilum á gögnum má rekja til annarra aðila en umsækjanda.

IV. kafli

Neyðarskýli

8. gr.

Almennt um neyðarskýli

Neyðarskýli er húsnæði þar sem veitt er næturskjól fyrir eina nótt í senn. Dvöl í neyðarskýli er ætluð heimilislausum einstaklingum með miklar og flóknar þjónustuparfir sem ekki hafa fengið úthlutað félagslegu leiguhúsnæði. Dvöl í neyðarskýli skal ætíð vera til skemmri tíma og ekki er gerð krafa um umsókn um dvöl í neyðarskýli. Ekki eru gerðir húsaleigusamningar um dvöl í neyðarskýli.

Þegar einstaklingur hefur dvalið í neyðarskýli í tvær til þrjár nætur skal farið yfir mál viðkomandi og metið hvort hann sé fær um að útvega sér sjálfur húsnæði. Einnig skulu aðstæður einstaklingsins metnar m.t.t. þess hvort viðkomandi teljist heimilislaus með miklar og flóknar þjónustuparfir. Í þeim tilvikum sem viðkomandi fellur að skilgreiningu hópsins en á ekki umsókn um húsnæði fyrir þann hóp þá skal honum leiðbeint um að snúa sér til viðkomandi miðstöðvar og leggja fram umsókn um húsnæði fyrir heimilislausu með miklar og flóknar þjónustuparfir. Einstaklingum sem ekki teljast til hóps heimilislausra einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir skal leiðbeint um að leita annarra leiða við að útvega sér húsnæði, eftir atvikum með aðstoð miðstöðva Reykjavíkurborgar.

Velferðarsviði er heimilt, að fengnu samþykki viðkomandi, að kalla eftir frekari upplýsingum, sem máli kunna að skipta varðandi getu einstaklings til að útvega sér sjálfur húsnæði, t.d. frá skattyfirvöldum.

Þjónusta neyðarskýlis er notendum að kostnaðarlausu. Nafn, kennitala og lögheimili þeirra einstaklinga sem dveljast í neyðarskýli á vegum Reykjavíkurborgar eru skráð. Sé lögheimilissveitarfélag notanda annað en Reykjavík þá eru upplýsingar um viðkomandi aðila sendar lögheimilissveitarfélagi ásamt kröfu um endurgreiðslu kostnaðar frá lögheimilissveitarfélaginu vegna dvalar í neyðarskýli. Sé notandi ekki með lögheimili á Íslandi skal honum bent á úrræði á vegum ríkisins.

Einstaklingum sem eru í virkri neyslu eða eiga við alvarlegan vímuefnavanda er heimilt að dveljast í neyðarskýli.

Í ákveðnum tilfellum er heimilt að vísa einstaklingum frá neyðarskýli s.s. vegna brota á húsreglum sem gilda í neyðarskýlinu, slíkt sé nauðsynlegt til að gæta að öryggi annarra notenda og starfsmanna eða ef aðstæður viðkomandi eru með þeim hætti að viðkomandi teljast ekki til hóps heimilislausra einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir og geti sjálfir útvegað sér húsnæði eða standi annað húsnæði til boða.

Ákvæði VI.-X. kafla reglna þessara eiga ekki við um dvöl í neyðarskýli.

Nánari skilgreiningu á þjónustu neyðarskýla er að finna í kröfulýsingum fyrir viðkomandi neyðarskýli.

V. kafli

Forgangsröðun og úthlutun

9. gr.

Forgangsröðun

Fullnægi umsækjandi skilyrðum 4. gr. reglna þessara þegar um er að ræða áfangaheimili eða 6. gr. reglna þessara þegar um er að ræða sérstakt tímabundið húsnæði, raðast umsóknir í forgangsröð með hliðsjón af faglegu mati ráðgjafa og úthlutunarteymis.

Við forgangsröðun umsókna er tekið mið af eftirfarandi atriðum:

- a. Félagslegar aðstæður.
- b. Staða umsækjanda.
- c. Húsnæðisaðstæður.
- d. Heilsufar umsækjanda.
- e. Neyslusaga umsækjanda og hvort viðkomandi er í virkri neyslu vímuefna.
- f. Virkni umsækjanda á grundvelli einstaklings- eða endurhæfingaráætlunar.
- g. Vilji/geta til að taka þátt í þeim stuðningi sem veittur er í viðkomandi húsnæði.
- h. Önnur atriði sem skipt geta máli.

10. gr.

Almennt um úthlutun tímabundins húsnæðis

Úthlutun á áfangaheimili og í sérstakt tímabundið húsnæði fer fram á sérstökum fundum úthlutunarteyma sem skipuð eru með sérstöku erindisbréfi.

Miðstöðvar Reykjavíkurborgar leggja faglegt mat á þær umsóknir sem metnar hafa verið samkvæmt ákvæðum reglna þessara.

Úthlutunarteymi forgangsráðar umsóknum frá miðstöðvum Reykjavíkurborgar og úthlutar í tímabundið húsnæði samkvæmt reglum þessum. Forgangsröðun tekur mið af faglegu mati ráðgjafa og úthlutunarteymis.

Úthlutun tímabundins húsnæðis byggir á gögnum sem liggja fyrir á úthlutunardegi. Uppfæra ber öll gögn miðað við stöðu umsækjanda á þeim tíma. Áður en til úthlutunar kemur ber einnig eftir atvikum að framkvæma endurmat á aðstæðum umsækjanda ef þörf er á.

Við úthlutun tímabundins húsnæðis til einstaklinga sem hafa tímabundið dvalarleyfi er gerð krafa um að sex mánuðir séu eftir af gildistíma dvalarleyfisins.

Ákvörðun um úthlutun er stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Um er að ræða skilyrta stjórnvaldsákvörðun þar sem gert er að skilyrði að umsækjandi uppfylli reglur Reykjavíkurborgar um tímabundið húsnæði, fari að þeim ákvæðum sem gilda samkvæmt húsaleigulögum nr. 36/1994 og ákvæðum leigusamnings um viðkomandi leiguhúsnæði.

Heimilt er að afturkalla stjórnvaldsákvörðun um úthlutun sé skilyrðum reglna þessara ekki lengur fullnægt. Sama gildir ef eigi er farið að ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994, ákvæðum leigusamnings um viðkomandi leiguhúsnæði eða ákvæðum þjónustusamnings velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og leigjanda.

11. gr.

Tilkynning um úthlutun og höfnun húsnæðis

Umsækjanda skal tilkynnt skriflega þegar úthlutun til hans hefur farið fram. Umsækjanda er veittur tíu daga frestur til að svara hvort hann samþykki úthlutun húsnæðisins. Ef svar berst ekki innan framangreinds frests er litið svo á að umsækjandi þiggi ekki úthlutun.

Hafi viðkomandi hafnað tímabundnu húsnæði tvívegis án þess að málefnalegar ástæður liggi að baki er heimilt að senda viðkomandi bréf þess efnis að litið sé svo á að umsækjandi hafi dregið umsókn sína til baka og sé hún því úr gildi fallin. Talið er að lagalegri skyldu til útvegunar húsnæðis sé fullnægt skv. XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og þar sem húsnæði hafi ítrekað verið hafnað verði að álykta að viðkomandi geti sjálfur ráðið úr húsnæðisvanda sínum og dragi því umsókn sína til baka.

VI. kafli

Leigusamningur, ákvörðun húsaleigu og innheimta leigu

12. gr.

Leigusamningar, ákvörðun húsaleigu, innheimta leigu og umsjón fasteigna

Félagsbústaðir hf. eða Reykjavíkurborg annast frágang leigusamninga og um þá gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994. Um réttarsamband leigutaka og Félagsbústaða hf., eða eftir atvikum Reykjavíkurborgar, gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994 og ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Leigusamningar skulu vera tímabundnir til sex mánaða. Heimilt er að endurnýja leigusamning í kjölfar ákvörðunar úthlutunarteymis, allt að þrisvar sinnum.

Heimilt er að gera leigusamninga til styttri tíma en sex mánaða, en þó aldrei skemur en til 3 mánaða, ef fyrirséð er að rekstur sérstaks tímabundins húsnæðis muni loka innan sex mánaða.

Þegar sérstakt tímabundið húsnæði er sérstaklega skilgreint sem húsnæði fyrir tiltekinn hóp þar sem nauðsynlegt er að bjóða upp á stuðning til lengri tíma til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt þá er heimilt að gera leigusamning til þriggja ára.

Upphæð húsaleigu fylgir vísitölu neysluverðs. Ákvörðun um breytingu umfram þá hækkun skal samþykkt á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar og á fundi borgarráðs.

Leigutaki á áfangaheimili og sérstöku tímabundnu húsnæði skal einnig gera sérstakan þjónustusamning um þann stuðning sem veittur er í hverju tilfalli. Jafnframt skal koma fram í samningnum hvaða skyldur hvíli á leigutaka. Slíkir samningar eru hluti af húsaleigusamningi enda úthlutun tímabundins húsnæðis háð því að viðkomandi hafi þörf fyrir stuðning. Uppsögn á slíkum samningi samsvarar uppsögn á húsaleigusamningi.

Leigutaki tímabundins húsnæðis verður að fullnægja, eftir atvikum, skilyrðum 4. gr. og 6. gr. reglna þessara allt það tímabil sem leigusamningur gildir.

Innheimta húsaleigu, umsjón og viðhald leiguíbúða er á vegum Félagsbústaða hf. eða eftir atvikum á vegum Reykjavíkurborgar.

VII. kafli

Afturköllun stjórnvaldsákvörðunar

13. gr.

Afturköllun stjórnvaldsákvörðunar um samþykkt á biðlista

Réttur Reykjavíkurborgar til afturköllunar ákvörðunar um samþykkt á biðlista eftir tímabundnu húsnæði er bundinn við þau tilvik þegar umsækjandi uppfyllir ekki lengur skilyrði reglna þessara (eftir atvikum skilyrði 4. gr. og 6. gr. reglnanna).

Afturköllun ákvörðunar um samþykkt á biðlista eftir tímabundnu húsnæði er stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

14. gr.

Afturköllun stjórnvaldsákvörðunar um úthlutun húsnæðis

Réttur Reykjavíkurborgar til afturköllunar ákvörðunar um úthlutun tímabundins húsnæðis er bundinn við þau tilvik þegar leigutaki uppfyllir ekki skilyrði reglna þessara, eða brýtur gegn ákvæðum leigusamnings, þjónustusamnings eða ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 að öðru leyti.

Afturköllun ákvörðunar um úthlutun tímabundins húsnæðis er stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Afturköllun ákvörðunar um úthlutun tímabundins húsnæðis getur eftir atvikum

leitt til uppsagnar eða riftunar á húsaleigusamningi. Um uppsögn og riftun gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994.

VIII. kafli.

Lok leigusamnings, afnot, ábyrgð leigutaka, endurnýjun umsókna og ráðgjöf

15. gr.

Breyttar aðstæður

Umsækjandi skal vera í samskiptum við ráðgjafa á miðstöð Reykjavíkurborgar á meðan beðið er úthlutunar á tímabundnu húsnæði og gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þeim.

Leigutaki skal upplýsa ráðgjafa á miðstöð Reykjavíkurborgar verði breytingar á aðstæðum hans sem áhrif kunna að hafa á hvort skilyrðum reglna þessara (eftir atvikum 4. gr. og 6. gr. reglnanna) sé fullnægt.

Ef leigutaki gengur í hjúskap, hefur sambúð eða aðstæður hans breytast með öðrum hætti á leigutímanum, skal hann tilkynna ráðgjafa á miðstöð Reykjavíkurborgar þar um, enda forsendur aðrar en þegar að úthlutun kom. Kanna skal reglulega hvort aðstæður leigutaka hafi breyst samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá.

Hafi aðstæður leigutaka breyst skal hafa samband við hann og eftir atvikum skal kanna félagslegar aðstæður í heild sinni og meta umsókn að nýju. Ef félagslegar aðstæður leigutaka falla eigi lengur að skilyrðum reglna þessara kemur það í veg fyrir möguleika á áframhaldandi leigu á tímabundnu húsnæði eða getur leitt til afturköllunar á stjórnvaldsákvörðun um úthlutun á tímabundnu húsnæði.

Leigutaki tímabundins húsnæðis skal eiga lögheimili í leiguhúsnæðinu óslitið á leigutíma.

16. gr.

Afnot húsnæðis

Leigutaka er óheimilt að heimila öðrum afnot af hinu leigða húsnæði. Ákvæðinu er þó ekki ætlað að koma í veg fyrir að leigutaki geti tekið á mótí fjölskyldumeðlimum í heimsókn á heimili sitt. Nánar getur verið kveðið á um framangreint í húsreglum hvers húsnæðis fyrir sig.

Framleiga tímabundins húsnæðis er með öllu óheimil. Verði leigutaki uppvís að því að framleigja tímabundið húsnæði eða heimila öðrum afnot af því getur það komið í veg fyrir að leigutaki fái áframhaldandi leigusamning í tímabundnu húsnæði eða leitt til afturköllunar á stjórnvaldsákvörðun varðandi úthlutun á tímabundnu húsnæði.

17. gr.

Ábyrgð á leiguhúsnæði

Leigutaki ber óskipta bótaábyrgð gagnvart Félagsbústöðum hf. eða Reykjavíkurborg á allri rýrnun húsnæðisins eða spjöllum á því í samræmi við XIII. kafla húsaleigulaga nr. 36/1994. Félagsbústaðir hf. eða Reykjavíkurborg krefja leigutaka um greiðslu vegna tjóns sem unnið var á húsnæðinu á meðan á leigutíma stóð.

18. gr.

Endurnýjun og endurmat umsókna

Ef viðhalda á gildi umsóknar um tímabundið húsnæði skal umsækjandi endurnýja umsókn sína innan 12 mánaða frá umsóknardegi og síðan á a.m.k. 12 mánaða fresti frá þeim degi. Endurnýjun skal vera skrifleg eða með rafrænum hætti. Sé umsókn ekki endurnýjuð innan 12 mánaða fellur hún úr gildi. Við endurnýjun umsóknar getur farið fram endurmat á hvort skilyrðum reglna þessara (eftir atvikum 4. gr. og 6. gr. reglnanna) sé fullnægt. Þá getur endurmat leitt til afturköllunar ákvörðunar um að umsókn sé samþykkt á biðlista.

19. gr.

Ráðgjöf á biðtíma

Ráðgjafi skal endurmeta aðstæður umsækjanda á meðan beðið er úthlutunar á tímabundnu húsnæði og veita félagslega ráðgjöf ef þurfa þykir.

20. gr.

Starfsemi tímabundins húsnæðis lýkur

Sé tekin ákvörðun um að tímabundið húsnæði, sem fellur undir reglur þessar, ljúki starfsemi sinni skal umsækjendum sem eiga umsóknir á biðlista tilkynnt skriflega um það og að umsókn þeirra falli úr gildi.

Leigutökum húsnæðisins skal einnig tilkynnt um að fyrirhugað sé að ljúka starfsemi tímabundna húsnæðisins.

IX. kafli.

Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnábyrgðarlaga nr. 37/1993 og ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

21. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um tímabundið húsnæði hefur borist.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

22. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við umboðsmann hans, lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á.

Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

23. gr.

Endurskoðun

Rétt til tímabundins húsnæðis má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort leigutaki tímabundins húsnæðis fullnægi skilyrðum reglna þessara (eftir atvikum 4. gr. og 6. gr.) og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna, sbr. 15. gr. reglna þessara, hafi áhrif á rétt hans.

24. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um tímabundið húsnæði er lögð fram á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda veldur það ógildi umsóknar eða getur leitt til afturköllunar ákvörðunar.

25. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi umsækjenda skulu varðveitt á öruggan hátt í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, skjalavistunaráætlanir og reglur borgarinnar.

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu um málefni umsækjanda er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsmönnum er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vef borgarinnar.

26. gr.

Samráð velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Félagsbústaða hf.

Félagsbústöðum hf. er heimilt að upplýsa velferðarsvið Reykjavíkurborgar um vanskil á húsaleigu, brot á húsreglum, áminningar og riftun húsaleigusamnings. Þá er velferðarsviði Reykjavíkurborgar jafnframt heimilt að upplýsa Félagsbústaði hf. um afmarkaða þætti málsmeðferðar sem snúa að samningsumleitan vegna húsaleiguskulda og atvika er varða stuðning vegna áframhaldandi búsetu.

27. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsfólk velferðarsviðs Reykjavíkurborgar tekur ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

28. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar taki umsóknina til meðferðar en slík beiðni skal berast áfrýjunarnefnd velferðarráðs innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

29. gr.

Heimild áfrýjunarnefndar Reykjavíkurborgar til að veita undanþágu frá reglum þessum

Um áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar gilda reglur þar að lútandi sem byggja á 3. mgr. 6. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni til áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs skal kynnt umsækjanda og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

30. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs.

**31. gr.
Gildistaka**

Reglur þessar kveða á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita og eru settar með stoð í 46. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Reglur þessar öðlast gildi þann **X. mánuður 2023**.